

VORFERÐ JÖRFÍ 2021

Andri Gunnarsson¹ og Magnús Tumi Guðmundsson²

¹Landsvirkjun, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík; Andri.Gunnarsson@landsvirkjun.is

²Jarðvísindastofnun Háskólans, Öskju, Sturlugötu 7, 101 Reykjavík; mtg@hi.is

<https://doi.org/10.33799/jokull2021.71.163>

Vorferðin þetta árið var tvískipt eins og oft hefur verið undanfarin ár. Skipt var í tvo álfka stóra hópa og var enginn allan tímann, heldur annað hvort í fyrri eða seinni ferð. Þátttakendur í fyrri hluta voru 15 en 17 í þeirri seinni. Skipuleggja þurfti ferðina með tilliti til sóttvarna og reynt var að haga málum þannig að hætta á smíti væri sem minnst. Allir tóku Covid-próf fyrir ferðina til að enginn bæri smit með sér á jökul. Þetta tókst vel og enginn smit komu upp.

Fyrri hluti, 30. maí – 6. júní

Fyrri hópurinn lagði af stað frá Reykjavík á sunnudegi og gisti á Vagnsstöðum í Suðursveit í eina nótt. Leiðin á Vatnajökul um Jökulheima er orðin torfær stórum leiðöngrum og því lagt á jökulinn um Jöklael þar sem er vel fært upp Skálafellsjökul. Tónninn í veðrinu var strax sleginn á fyrsta degi, rok, talsverð ofankoma og lítið skyggni. Þrátt fyrir léleg veðurskilyrði nær allan tímann tókst að ljúka flestum verkefnum sem stefnt var að. Helstu verkefni voru eftirfarandi:

1. Gerðar voru gasmælingar í sigkötlum í sunnanverðri Bárðarbungu og í Grímsvötnum.
2. GPS mælitæki Veðurstofunnar á Rótarfjallshnjúk til vöktunar á Örafajökli var mokað upp úr vetrardvala og gangsett á eina góðviðrisdeginum.
3. Boruð afkomuhola á Örafajökli (OER1) og reyndist vera um 11,5 metra snjóþykkt niður á hausthvörfin (snjóþykkt vetrarins). Borkjarnanum var pakkað og hann fluttur til Reykjavíkur til greiningar á örplasti sem er samstarfsverkefni nokkurra stofnana.
4. GPS mælitæki sem vaktar hæðarbreytingar íshellunnar og rekið er af Veðurstofunni fékk aukasólarsellu

og var stillt í rétta hæð fyrir sumarið þar sem tekið var tillit til sumarafleysingarinnar.

5. Sambærilegt mælitæki í Skaftárkatli var einnig standsett fyrir sumarið og vitjað um önnur GPS mælitæki og skjálftamæla. Tækin voru þjónustuð eftir veturinn, m.a. á Kistu, Hamrinum, Dyngjujökli, Brúarjökli, Esjufjöllum og Tungnaárjökli.

6. Mokuð var rúmlega 3 m snjógrýfja í Grímsvötnum í gegnum vetrarlagið, en fyrsta slíka gryfjan var gerð fyrir 70 árum síðan.

7. Sett voru hljóðbylgjumælitæki á Saltarann, Vestari-Svíahnjúk og Húsbónða, í samstarfi við Oliver Lamb, nýdoktor á Jarðvísindastofnun. Tækin skrá hljóðbylgjur frá jarðskjálftum og ísskjálftum og voru rekin á þessum stöðum út sumarið.

Sofét-dagurinn (sofa og éta) var vel nýttur við grafa snjóhús þar sem útbúinn var ísbar og boðið upp á fordrykk á föstudagskvöldinu. Nýr handþvottavaskur var hengdur upp í fordyrinu á nýja skála og er það góð viðbót við hreinlætisaðstöðuna á fjallinu.

Það var ekki mikil vorstemning í litlu skyggni, slyddurigningu í bland við mikla snjókomu og endurtekinn mokstur í kringum húsin og þungu bílafæri. Allan þennan nýja snjó var ekki einu sinni hægt að nota af neinu viti til skíðaiðkunar, en gufan var góð og stemningin í hópnum líka. Síðasta samverustundin var við Breiðá, skála JÖRFÍ á Breiðamerkursandi, þar sem borðað var vel upp úr matarkistum og grillaðir lambaborgarar og hamborgarar.

Seinni hluti, 6. – 13. júní

Seinni hópur fór úr Reykjavík snemma á sunnudagsmorgni í fremur aðgerðarlitlu en votu veðri. Fyrri og